

**Útfararstofa kirkjugarðanna ehf, Útfararþjónusta borgarinnar ehf, Útfararmiðstöðin,  
Útfararstofa Íslands og Félag íslenskra hljómlistarmanna  
gera með sér svofellt  
samkomulag  
um greiðslur til söngvara starfandi við útfarir.  
Gildir frá 1.2. 2020**

Fj.	Söngvarar	Laun	Undirb.	Líf.sj.	Trygg- gjald	Sjúkra og orlofssj.	Fata- gjald	Orlof	Bifr. Gjald	Samt. á söngv.	Umsj. Gjald	Samt.
				8,00%	6,35%	1,25%		10,17%				
1	Einsöngur	29.748	1.392	2.491	2.372	389	160	3.167	1.117	40.835	0	40.835
2	Dúett	22.311	1.392	1.896	1.808	296	160	2.411	1.117	31.390	0	62.781
3	Trío	19.842	1.392	1.699	1.620	265	160	2.159	1.117	28.254	13.663	98.426
4	Quartett	16.363	1.392	1.420	1.357	222	160	1.806	1.117	23.837	13.663	109.009
5	Söngvarar	14.880	1.392	1.302	1.244	203	160	1.655	1.117	21.953	13.663	123.429
6	Söngvarar	14.086	1.392	1.238	1.184	193	160	1.574	1.117	20.944	13.663	139.330
7	Söngvarar	13.769	1.392	1.213	1.160	190	160	1.542	1.117	20.542	13.663	157.457
8	Söngvarar	13.524	1.392	1.193	1.141	186	160	1.517	1.117	20.231	13.663	175.509
9	Söngvarar	12.848	1.392	1.139	1.090	178	160	1.448	1.117	19.372	13.663	188.011
10	Söngvarar	12.527	1.392	1.113	1.066	174	160	1.416	1.117	18.964	13.663	203.304
11	Söngvarar	12.213	1.392	1.088	1.042	170	160	1.384	1.117	18.566	13.663	217.893
12	Söngvarar	11.908	1.392	1.064	1.019	166	160	1.353	1.117	18.179	13.663	231.806
13	Söngvarar	11.610	1.392	1.040	996	163	160	1.322	1.117	17.800	13.663	245.069
14	Söngvarar	11.320	1.392	1.017	974	159	160	1.293	1.117	17.432	13.663	257.709

## 2. gr. Helgarvinnuálag

Laugardaga og sunnudaga greiðist 42% álag á launaliði.

## 3. gr. Mæting

Söngvari skal mæta til starfa 15 mín fyrir athöfn. Þurfi söngvari að mæta fyrr eða á séræfingu greiðist samkvæmt 6. gr.

## 4. gr. Ákvæði um einsöng

Taxti einsöngvara miðast við 2 lög. Sé söngvari beðinn um að syngja fleiri lög hækkar gjaldið um 20% eða kr. 8.167,-. Um annað skal samið sérstaklega.

## 5. gr. Hækkanir á samningstíma

a) Ofangreind launatafla tekur gildi 1. febrúar 2007 með grunnlaunavísitölu í desember 2002, 228,7 stig, vísitölu í desember 2005 273,9, desember 2006 300,8 stig, desember 2007 326,6 stig, desember 2008 353,6 stig, desember 2009 366,5 stig, júní 2010 378,3 stig, desember 2010 383,1 stig og í júní 2011 405 stig, í desember 2011 418,2 stig, Júní 2012 433,1 stig, desember 2012 437,7 stig. Júní 2013 457,8 stig. Des 2013 463,8. Júní 2014 482,7 stig. Des. 2014 494,6. Júní 2015 517,1. Des. 2015 542,7. Júní 2016 581,6. Des. 2016 592,2. Júní 2017 623,8.

Des. 2017 632,8. Júní 2018 660,9. Des. 2018 670,7. Júní 2019 689,3. Des. 2019 700,7 stig.

b) 1. janúar 2004 3%

c) 1. janúar 2005 3%

e) Samningurinn fylgir launavísitölu og skulu laun uppreiknuð á 6 mánaða fresti, janúar og júlí ár hvert.

f) Tryggingagjald er samkvæmt ákvörðun Ríkisskattstjóra.

**6. gr. Séræfingar vegna umfangs**

Þurfi söngvari að mæta á æfingu vegna athafnar þar sem tónlistarflutningur er sérstaklega umfangsmikill eru æfingarlaun 50% af launum söngvara í 14 manna kór (samkv. launatöflu). Á hverja æfingu reiknast 1 klst í undirbúning og heimavinnu.

**7. gr. Kistulagningar og söngur í garði**

Við kistulagningu/söng í garði greiðist hverjum söngvara samkvæmt launum söngvara í 14 manna kór kr.17.432,-

**8. gr. Laun umsjónarmanna**

Laun umsjónarmanns kóra eru kr. 13.663.- á athöfn. Umsjónargjald reiknast ekki á einsöng, dúett, kistulagningar og söng í garði

**9. gr. Ferðir**

Þurfi söngvari að ferðast milli sveitarfélaga (utan höfuðborgarsvæðisins) reiknast laun á klst. samkvæmt 50% af launum söngvara í 14 manna kór (launaliður án undirbúnings) meðan á ferð stendur. Vegna notkunar á eigin bifreið söngvara greiðist samkvæmt ákvörðun RSK um bifreiðakostnað á km.

**10. gr. Önnur atriði**

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað í lausavinnusamning Félags íslenskra hljómlistarmanna.

**11. gr. Gildistími:**

Samkomulag þetta gildir frá 1.3.2003 til 31.12.2006 og framlengist um eitt ár í senn hafi því ekki verið sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

**12. gr. Ágreiningur**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Félagsdómi.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Reykjavík      13 /2      2003

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

F.h. Útfararstofu kirkjugarðanna

\_\_\_\_\_

F.h. Útfararþjónustu borgarinnar ehf

\_\_\_\_\_

F.h. Útfararmiðstöðvarinnar ehf

\_\_\_\_\_

F.h. Útfararstofu Íslands

